



Reglur Ísafjarðarbæjar um úthlutun styrkja til menningarmála

1. gr.

Hlutverk

Menningarmálanefnd úthlutar styrkjum á sviði menningarmála, í samræmi við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar. Fer úthlutun styrkja fram án sérstaks samþykkis bæjarstjórnar, en fundargerð skal kynnt bæjarstjórn í samræmi við samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Úthlutað er til lögráða einstaklinga, listhópa, félagasamtaka, stofnana eða fyrirtækja sem koma að menningarviðburðum í Ísafjarðarbæ.

2. gr.

Markmið

Markmið með menningarstyrkjum er að styðja við sjálfsprottið starf og starfsemi á sviði menningarmála, auðga menningarlíf og lífsgæði bæjarbúa og stuðla að ýmsum viðburðum, skemmtunum og menningarstarfsemi í sveitarfélaginu.

3. gr.

Styrkhæfi

Styrkjum er úthlutað til einstakra viðburða, eða raða viðburða. Horft skal til þess að úthlutun styrkja sé til fjölbreyttra viðburða og menningarmála sem séu almennt aðgengilegir öllum bæjarbúum. Ekki eru veittir styrkir til rekstrar-, stofnkostnaðar- eða endurbóta eigna eða fyrirtækja, né náms eða ferða. Að jafnaði eru ekki veittir styrkir til útgáfu efnis.

Menningarmálanefnd er heimilt að leggja áherslu á ákveðna tegund eða þemu viðburða eða listsköpun við úthlutun styrkja, og skal áherslumál í hvert skipti auglýst þegar óskað er umsókna um styrki, sbr. 5. gr. reglnanna.

Styrkir sveitarfélagsins geta aldrei verið hærri fjárhæð en sem nemur helmingi alls kostnaðar. Styrkur Ísafjarðarbæjar til einstaks verkefnis getur almennt ekki verið hærri en kr. 250.000 kr., en bæjarstjórn getur breytt því hámarki við samþykkt fjárhagsáætlunar.

4. gr.

Auglýsing

Styrkjum skal úthlutað einu sinni á ári, að jafnaði í mars, og skal óskað eftir umsóknum á heimasíðu bæjarins með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara.

Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, skilmála styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn, auk annarra hagnýtra upplýsinga.

Öll verkefni sem fara fram á úthlutunarári geta sótt um styrki þó svo að verkefnið sé hafið eða því lokið þegar úthlutun verkefnastyrkja fer fram.

5. gr.

Umsóknir

Umsóknum skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem nálgast má í Þjónustugátt Ísafjarðarbæjar. Í umsókn skal eftirfarandi koma fram:

- a) Nafn og upplýsingar um umsækjanda og forsvarsmann ef um lögaðila er að ræða.
- b) Heiti og lýsing á verkefninu, auk markmiða með verkefninu.
- c) Verkáætlun, tímasetningar og staðsetning.
- d) Skýr og raunhæf fjárhagsáætlun, ásamt upplýsingum um aðra styrki, heildarkostnað verkefnis og eigin fjármögnun.
- e) Þá styrkfjárhæð sem sótt er um ásamt upplýsingum um bankareikning.

Umsóknir skulu afhentar í gegnum Þjónustugátt Ísafjarðarbæjar eigi síðar en síðasta umsóknardag.

Umsækjandi samþykkir með umsókn sinni þá skilmála sem koma fram í úthlutunarreglum þessum og að verkefnið verði unnið samkvæmt lýsingu og verkáætlun sem fylgja umsókn.

Hafi umsækjandi áður fengið menningarstyrk Ísafjarðarbæjar skal liggja fyrir greinargerð um nýtingu hans, sbr. 9. gr. reglnanna.

6. gr.

Mat umsókna

Menningarmálanefnd metur styrkhæfi umsókn og gildi þeirra. Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum eftir því sem við á:

- a) Þeim markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð.
- b) Hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf.
- c) Fjárhagsgrundvelli verkefnis og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki til sama verkefnis.
- d) Hvort og hvernig verkefnið auðgar menningarlíf í Ísafjarðarbæ, og hvernig nýtast fjármunirnir í því samhengi.
- e) Hvort unnt sé að meta framvindu verkefnisins.
- f) Hvort greinargerð vegna fyrri verkefna sem styrk hafa hlotið hafi verið skilað í samræmi við kröfur.
- g) Hvort verkefnið falli að þeim áherslum sem Ísafjarðarbær leggur á, á hverjum tíma til úthlutunar styrkja.

Ekki er nauðsynlegt að rökstyðja ákvörðun um úthlutun styrkja á sviði lista og menningar, sbr. 3. tl. 2. mgr. 21. grein stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

7. gr.

Framkvæmd verkefnis

Styrkþegi og forsvarismaður verkefnisins bera alla ábyrgð á framkvæmd þess og skulu ábyrgjast að fullnægjandi leyfi sé fyrir framkvæmd verkefnisins, notkun heimilda svo og öðrum þáttum sem tilheyra verkefninu.

Þeir aðilar sem hljóta styrki frá Ísafjarðarbæ skulu láta þess getið í kynningarefni sínu, s.s. með nafngreiningu eða birtingu byggðarmerkis sveitarfélagsins.

8. gr.

Svarbréf um veittan styrk og greiðsla

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um niðurstöðu umsóknar, auk þess sem listi yfir úthlutaða styrki er birtur á vefsíðu Ísafjarðarbæjar. Skilmálar skulu jafnframt fylgja svarbréfi.

Styrkur greiðist að verkefni loknu, þegar fullnægjandi greinargerð um framkvæmd verkefnisins hefur verið skilað, sbr. 9. gr. reglnanna. Styrkir eru einungis greiddir út á því ári sem þeir eru veittir.

Greiðsla fer fram gegn útgáfu rafræns reiknings. Reikningur skal berast Ísafjarðabær að lágmarki tveimur vikum fyrir greiðsludag.

9. gr.

Greinargerð

Greinargerð skal berast sveitarfélaginu fyrir árslok á úthlutunarári, á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.

Greinargerð skal send sem fylgiskjal með rafrænum reikningi.

Í greinargerð skal eftirfarandi koma fram:

- a) Nafn umsækjanda og/eða forsvarsmanns.
- b) Heiti verkefnis.
- c) Styrkupp hæð og úthlutunardagur.
- d) Upplýsingar um framkvæmd verkefnisins og tímasetningar.
- e) Hvort framkvæmd og umfang verkefnisins var í samræmi við umsókn, eða hvort breytingar hafi verið gerðar á verkefninu (hverjar þá og var leitað samráðs hjá Ísafjarðarbæ um breytingarnar).
- f) Hvort breytingar urðu á fjárhagsáætlun eða hvort áætluð fjárþörf hafi breyst eftir að framkvæmd verkefnis hófst.

10. gr.

Vanefndir

Ísafjarðarbær áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

Sama gildir ef verulegar breytingar verða á verkefninu, án þess að samþykki hafi fengist fyrir breytingum hjá Ísafjarðarbæ, sbr. 11. gr. reglnanna.

11. gr.

Tengiliður

Starfsmaður menningarmálanefndar sér um samskipti við styrkþega fyrir hönd Ísafjarðarbæjar.

Áætli styrkþegi verulegar breytingar á verkefninu skal með rökstuddum hætti óska samþykkis fyrir breyttri notkun styrks til menningarmálanefndar.

12. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar svo breyttar taka gildi frá og með 1. janúar 2026 og falla þá úr gildi eldri reglur Ísafjarðarbæjar um úthlutun styrkja til menningarmála.

Samþykkt á 559. fundi bæjarstjórnar þann 16. október 2026.